

Stjórnarfundur nr. 11
20. janúar 2010 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir. Margrét Kjartansdóttir kom seinna inn á fundinn. Friðrik Lunddal boðaði forföll.

1. NKU fundur í Kaupmannahöfn 13. janúar 2010

Valgerður, Guðríður og Jóna fóru á fundinn, sem haldinn var í húsnæði DKK. Eftir NKU fundinn fóru Kresten Scheel og Svend Løvenkjær yfir nýjar kennsluáðferðir í dómara námi fyrir ungt fólk á aldrinum 16-30 ára. Ákveðið var að bjóðja upp á samskonar námskeið á Íslandi 2.-3. júní á næsta ári.

2. Alþjóðleg hundasýning og augnskoðun 27. -28. febrúar 2010

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélag Íslands fer fram helgina 27. - 28. febrúar 2010 í Reiðhöll Fáks í Víðidal í Reykjavík. Skráningafresti lýkur föstudaginn 29. janúar 2010. Dómarar að þessu sinni eru: Angle Garac Domech (Spánn), Benny Blid (Svíþjóð), Elina Tan-Hietalahti (Finnland), Espen Engh (Noregur), Ferelith Somerfield (Bretland), Zlatko Kraljic (Króatía). Viktoría Jensdóttir dæmir unga sýnendur.

Augnskoðun

Dýralæknarnir Finn Bøserup og Jens Knudsen frá Danmörku augnskoða hunda í Reiðhöllinni í Víðidal dagana 27. og 28. febrúar, í tengslum við alþjóðlega hundasýningu félagsins. Virkir félagsmenn geta látið skoða hundana eftir að þeir hafa verið sýndir.

3. Schnauzerdeild – tölvupóstur 18. janúar og 19. janúar 2010.

A-2331

18. janúar 2010:

Til stjórnar HRFÍ

Á stjórnarfundum Schnauzerdeildar var ákveðið að óska eftir að gildistími augnvottorða dvergschnauzer undaneldishunda verði lengdur úr 12 mánuðum í 18 mánuði.

Fyrir hönd Schnauzerdeildar, Margrét Kjartansdóttir.

Samþykkt og tekur í gildi 1. júní 2010.

19. janúar 2010

A-2332

Til stjórnar HRFÍ

Stjórn schnauzerdeildar ákvað á fundi sínum fyrr í kvöld að fara fram á að heilbrigðiskröfum, vegna skráningar í ættbók, fyrir risaschnauzer verði breytt og verði framvegis:

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

F.h. Schnauzerdeildar, Margrét Kjartansdóttir

Samþykkt og tekur í gildi 1. júní 2010.

A-2332a

4. Tölvupóstur Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur:

Berist til Hundaræktarfélag Íslands.

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur óskar eftir fulltrúa frá ykkur til að taka þátt í sérstökum vinnudegi á Kjarvalsstöðum mánudaginn 11. janúar nk. kl. 10-14 vegna stefnu um heildarskipulag opinna svæða sem hluta af yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Boðaðir eru á fundinn fagaðilar, fagfélög, hagsmunahópar og aðrir sem koma að og hafa áhuga á skipulagi og útfærslu opinna svæða innan borginnar. Afrakstur vinnudagsins mun leggja grunn að að stefnumótun fyrir heildarskipulag opinna svæða í Reykjavík. Boðið verður upp á súpu í hádeginu sem og kaffi og með því meðan á vinnudeginum stendur.

Vinsamlegast tilnefndið ykkar fulltrúa sem fyrst (í síðasta lagi á föstudag) á eftirfarandi netfang:

bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is

Nánar má fræðast um verkefnið hér að neðan sem og þá vinnu sem er í gangi vegna endurskoðunar aðalskipulagsins á www.adalskipulag.is

Tilgangurinn er að móta skýra framtíðarsýn fyrir öll opin svæði í Reykjavík fyrir gildistíma aðalskipulagsins 2010-2030. Grunn spurningin sem vinnudagurinn mun snúast um er eftirfarandi:

Hvernig er hægt að þróa og skipuleggja útivistarsvæði til að stuðla að auknum lífsgæðum, verndun umhverfisgæða og betri heilsu borgarbúa?

Vegna yfirstandandi endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur samþykkti skipulagsráð þann 28.10.2009 að stofna sérstakan vinnuhóp til að móta hugmyndir um heildarskipulag útivistarsvæða. Í aðalskipulagi er sett fram stefnumörkun um umhverfi og útivist sem m.a. fjallar um samspil borgargarða, útmerkur og náttúrusvæða sem fléttast og tengjast saman með neti göngu- og hjólræiða. Við mótnun nýs aðalskipulags er lögð sérstök áhersla á samráð við íbúa borgarinnar. Haldin hafa verið opin hús um skipulag í nærumhverfi íbúanna í hverju hverfi borgarinnar sem er liður í því að færa stefnumörkun aðalskipulagsins nær íbúum borgarinnar. Fyrir hönd Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur:

Björn Axelsson
Björn Ingi Edvardsson

Valgerður Júlíusdóttir stjórnarmaður og framkvæmdastjóri og Margrét Kjartansdóttir stjórnarmaður sóttu vinnufundinn fyrir hönd HRFÍ. Frábært framtak hjá Reykjavíkurborg.

5. Tilkynning um andlát Dr. Per-Erik Sundgren

To all ISIC clubs Copy to HRFÍ

Dear Chairman/President

We have a very sad message for you.

On the 1st of January Dr. Per-Erik Sundgren died.

As you know, Per-Erik was the creator of Lathunden which is an important tool in ISIC. Per-Erik has been a tremendous support for the Icelandic Sheepdog and ISIC also in many many other ways and for a long period of time.

Already before his death Per-Erik prepared for us to be able to use his work and experiences also in the future. We have been in contact with the Swedish Kennel Club and the Swedish Working Dog Association to ask what will happen to Lathunden. Per-Eriks' wish was that the The Swedish Working Dog Association (Svenska Brukshundklubben/SBK) should find ways to carry on his work and very soon they will meet with Per-Eriks family to agree about all the details in this. It means that you don't have to worry about our future work with Lathunden.

In the name of ISIC and the ISIC clubs, we will honour the memory of Per-Erik in connection with the funeral and feel sure that you agree with us.

We will write some closer lines about Per-Eriks involvement in our breed and hope that you will translate that for your national club members - in clubmagazines and/or homepages.

If you inform us in what way your club or your members have had special support directly from Per-Erik during his life time, we would be grateful to receive it in short.

On behalf of ISIC/C
Hans-Åke Sperne

6. Álit frá ræktunardeildum sem skila átti fyrir 15. janúar sl. A-2333

Svar hefur borist frá neðangreindum deildum:

Cavalierdeild., shihtzudeild, írsk setterdeild, chihuahuedeild og vorstehdeild.

Allir sammála álitu Lilju Dóru Halldórsdóttur.

7. Bréf frá Sigurði G. Guðjónssyni hrl. A-2334

Samþykkt að fá lögfræðing til að gang frá málinu.

8. Tillaga starfs- og veiðinefndar að dagskrá retrieverdeildar árið 2010. A-2335

Samþykkt

Tvö erindi frá retrieverdeild

- **Breytingar á sérreglum varðandi ættbókarskráningu retrieverhunda. A-2335a**
Stjórn Retrieverdeildar HRFÍ samþykkti á stjórnarfundi í gær að leggja til eftirfarandi viðbót við sérreglur um ættbókarskráningu retrieverhunda:

“Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.”

Sérreglur fyrir retrieverhunda mundu þá hljóða svo í heild sinni:

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 1. janúar 2007) og Golden retriver (gildir frá 1. júní 2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P).

Samþykkt og tekur í gildi 1. júní 2010, auglýsa vel innan deildarinnar og á vefsíðu retrieverdeildar.

• **Mótmæli við gjaldskrárhækkun vegna umsýslu mjaðma- og olnbogamynda A-2235b**

Stjórn Retrieverdeildar HRFÍ samþykkti á stjórnarfundum í gær að mótmæla nýlegri gjaldskrárhækkun HRFÍ vegna umsýslugjalds mjaðma- og olnbogamynda, úr 4500 kr í 13.500 kr, eða 8500 fyrir mjaðma- eða olnbogamynd. Í ljósi þess að aflestur hverrar myndar kostar NOK 200 (= IKR 4420,-) eða 8.840 fyrir báðar þykir okkur 4080 kr gjald fyrir pósthúð og umsýslu einnar myndar og 4660 fyrir tvær vera alltof mikið.

Retrieverdeildin, eins og margar aðrar deildir innan HRFÍ hefur markvisst reynt að hvetja ræktendur og kaupendur hunda til að láta mynda sem flest afkvæmi ræktunardýra til að auka hlutfall myndaðra í stofninum. Í dag eru 322 labradorar af 1071 á lífi HD myndaðir (30,1%) og 291 (27,2%) ED myndaðir. Hjá Golden Retriever eru þessi hlutföll 46,6% og 41,6%, í sömu röð.

Þessi mikla verðhækkun er ekki hvetjandi til aukinnar myndatöku og vinnur gegn bættu eftirliti með heilsufari og viðleitni til að minnka mjaðma- og olnbogalos í íslenskum stofnum margra hundategunda þar sem þetta er vandamál. Það væri eðlilegra að alls kostnaðar við umsýslu mynda væri aflað með félagsgjöldum.

Undanfarin misseri hafa verið mikil brögð að mjög löngum afgreiðslutíma á myndum og oft hefur verið margra mánaða bið eftir niðurstöðum. Því spyrjum við hvenær síðast var leitað tilboða í álestur mjaðma- og olnbogamynda og gengið frá samningum? Flestar dýralæknastofur geta í dag sent myndir rafrænt, sem tekur skemmri tíma og kostar minna en pósthjónusta. Er ekki kominn tími til að versla við aðila sem hafa tileinkað sér tækni 21. aldarinnar?

Samþykkir HRFÍ álestur mjaðma- og olnbogamynda sem berast frá öðrum aðilum en HRFÍ verslar við og viðurkenndir eru af FCI?

Rökstuðningur HRFÍ fyrir hækkun á gjaldskrá:

Vörulýsing	Verð í NOK	Gengi NOK 20.jan'10	Verð í ISK	25,5% vsk	Kostnaður HRFÍ	Samtals
Aflestur HD eða AD	250	22,187	5.547 kr.	1.727 kr.	1.226 kr.	8.500 kr.
Aflestur HD og AD	450	22,187	9.984 kr.	2.743 kr.	773 kr.	13.500 kr.

Hundaræktarfélag Íslands er að gera nýjan samning við NKK þar sem við vonumst til að fá betri og fljóttari afgreiðslu. Hundaræktarfélag Íslands samþykkir aðeins aflestur mynda hjá viðurkenndum aðilum innan NKU félaganna en það var samþykkt á NKU fundi þann 13. janúar sl.

9. Siðanefnd kynnr nýjar málsmeðferðarreglur mætti kl.19:00 A-2336a

Siðanefnd kynnti reglur um meðferð mála fyrir siðanefnd HRFÍ sem verður birt á vefsíðu félagsins fljótlega. Siðanefnd lagði til að úrskurðir nefndarinnar verði birtir á vefsíðu HRFÍ þar sem nafnleyndar verðu gætt. Í vinnslu eru sérstök (kæru-) eyðublöð fyrir félagsmenn sem nota má til að senda erindi til siðanefndar. Kærumál til siðanefndar skal afhent á skrifstofu HRFÍ, merkt siðanefnd.

**10. Kynningarbás NKU félaganna á heimssýningunni í Herning 24. – 27. júní n.k.
HRFÍ**

**11. Bréf frá FCI: Great FCI International Drawing Contest!
Auglýsa á vefsíðu HRFÍ og senda út á póstlista.**

A-2336

Myndlistarsamkeppni – HUNDAÞEMA

FCI (Federation Cynologique Internationale), alþjóðasamtök hundaræktarfélaganna stendur fyrir myndlistasamkeppni í tilefni af 100 ára afmæli stofnunarinnar árið 2011. Hundaræktarfélag Íslands hefur verið aðili að FCI yfir 30 ár en í hverju landi hefur aðeins eitt hundaræktarfélag heimild til að starfa undir merkjum þeirra.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í keppninni þurfa að skila inn myndum sínum til skrifstofu Hundaræktarfélags Íslands fyrir 6. maí 2010. Öllum er heimil þátttaka. Valdar verða 5 myndir, ein úr hverjum neðangreindum aldursflokki, viðfangsefnið er **Hundurinn.....**

Flokkur I	3-7 ára
Flokkur II	7-10 ára
Flokkur III	10- 14 ára
Flokkur IV	14-18 ára
Flokkur V	18 ára og eldri

Nánari upplýsingar veita starfsmenn á skrifstofu HRFÍ, Síðumúla 15, 108 Reykjavík, s.588-5255

12. Bréf frá Terrierdeild – aldur tíka við þörun.

Erindi tekið fyrir á stjórnarfundum 2. desember sl.:

Reykjavík, 28. nóvember 2009

Frá stofnun Terrierdeildarinnar vorið 2003, hafa stjórnarmenn lagt mikla vinnu í að kynna sér reglur annarra norðurlanda.

Í grundvallareglum HRFÍ er nú ákvæði um að para ekki tókur fyrir en eftir 2 ára aldur. Áður en núverandi reglur voru settar 1. janúar 2008, hefur stjórn Terrierdeildarinnar almennt haft til hliðsjónar að tókur yrðu að vera orðnar 18 mánaða þegar þær væru paraðar.

Stjórn Terrierdeildar óskar eftir að stjórn HRFÍ og vísindanefnd leggi fram vísindaleg rök fyrir 2ja ára reglunni og þá hvers vegna er miðað við 24 mánuði frekar en 15 eins og Danir hafa fyrir smáhunda, almennt 18 mánaða eins og Norðmenn eða þegar tókur hafa líkamlegan og andlegan þroska eins og Svíar.

Í meðfylgjandi fylgibréfum eru reglur helstu nágrannalanda okkar.

Með kærri kveðju og þökk, stjórn Terrierdeildar

Svar stjórnar HRFÍ við ofangreindu erindi:

Til stjórnar Terrierdeildar

Inga Fanney Egilsdóttir, formaður

Efni: Grundvallareglur HRFÍ og aldur tíka við þörun

Stjórn Terrierdeildar óskaði eftir vísindalegum rökum fyrir því að para tókur fyrir tveggja ára aldur. Samkvæmt Grundvallareglum HRFÍ segir undir kaflanum *Ræktandi*:

"Ræktandi í Hundaræktarfélagi Íslands er ber að:

3.3. Para ekki tók fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með)."

Af ofangreindu er ljóst að terrierdeild getur mælt með að tókur séu paraðar fyrir tveggja ára aldur. Ef svo er, óskar stjórn HRFÍ eftir rökum sem mælir með þeirri beiðni.

Tölvupóstur frá Terrierdeild 16. desember sl.

Við báðum um rök fyrir því að þessar reglur um 2ja ára lágmarksaldri voru settar.

Við sendum jafnframt með reglugerðir frá norðurlöndum og teljum ekki að ástæðulausu að þær eru eins og þær eru. Var þetta einhverntíman borið undir vísindanefnd, m.ö.o. voru dýralæknar með í ráðum?

Terrierdeildin hafði 18 mánaða viðmið þegar hún var stofnuð. Stjórn Terrierdeildar ákvað á fundi að óska eftir rökum vísindanefnar HRFÍ áður en við tækjum til meðferðar ósk allra helstu og lengst starfandi ræktanda bæði Silky- og Yorkshire terriera um 18 mánaðar reglunni. Stjórnin er því fylgjandi að fara eftir ráðum reyndra ræktenda og miðað við 18 mánaða viðmiðunarreglu.

með vinarkveðju, Inga Fanney

Tölvupóstur frá Terrierdeild 19. janúar sl.

Til stjórnar HRFÍ.
Síðumúla 15
108 Reykjavík

Reykjavík, 18. Janúar 2010.

Vegna skilyrða um lágmarksaldur við þörun.

Stjórn Terrierdeildar óskar eftir því að settar verði reglur um lágmarksaldur við þörun hjá eftirfarandi tegundum:
Yorkshire terrier, lágmarksaldur við þörun verði 18 mánaða.
Silky terrier, lágmarksaldur við þörun verði 18 mánaða.

Virðingarfyllst,
Stjórn Terrierdeildar.

Samþykkt

A-2337

13. Bréf frá dómarráði dags. 15. janúar 2010.

A-2338 /A-2338a

Þar sem lagt er til að eftirfarandi komi fram í boði til erlendra dómara:

„Dæma skal eftir íslenskum reglum, sem þér munu verða kynntar af fulltrúa HRFÍ áður en próf hefst”

Samþykkt.

Til dómarráðs HRFÍ

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands samþykkti á stjórnarfundi þann 20. janúar sl. neðangreint erindi ykkar er varðar erlenda dómara:

"Dómarráð HRFÍ fyrir tegundahóp 7 hélt fund föstudaginn 15. janúar þar sem m.a. var á dagskrá meintur misskilningur einstaka erlendum dómara sem boðið hefur verið til landsins á liðum árum til að dæma fuglahundapróf.

Hér er um að ræða túlkun á íslenskum veiðiprófsreglum er varðar kröfur til hunda við íslenskar veiðiaðstæður sem oft eru mjög frábrugðnar því sem viðkomandi eru vanir af heimaslóðum.

Dómarráð gerði samhljóða eftirfarandi samþykkt:

Samþykkt er að leggja til við stjórn HRFÍ að eftirfarandi komi fram í boði til erlendra dómara.

“Dæma skal eftir íslenskum reglum sem þér mun verða kynntar af fulltrúa HRFÍ áður en próf hefst.”

Þessu samhliða leggur dómarráð mikla áherslu á að fulltrúi HRFÍ hverju sinni gefist góður tími með erlendum dómurum áður en próf hefst og mun verða útbúinn sérstakur gátlisti til að styðjast við."

Afrit sent á formenn deilda sem tengjast tegundahópi 7.

14. Fuglahundadeild – uppgjör veiðiprófs 500911 12.-14. september 2009

A-2339

34 skráningar voru þessa þrjá daga eða samtals tekjur kr.95.577 án vsk. og gjöld kr.76.720. Tekjuafgangur kr.18.857.-

15. Bréf frá veiðiprófanefnd HRFÍ dags. 17. janúar 2010

A-2340/A-2340a

Dagskrá veiðiprófa árið 2010. Umsókn um veiðipróf frá fuglahundadeild og írsk setterdeild ásamt fjárhagsáætlun.

Fulltrúum Írsk setterdeildar og Fuglahundadeildar list vel á metnaðarfulla prófa dagskrá deilda í tegundarhópi 7, og samþykkja hana. Fjárhagsáætlun ÍSD og FHD lágu fyrir á fundinum, en undirritaðir fengu ekki að sjá fjárhagsáætlun Vorstrdeildar. Okkur finnst óábyrgt af Vorstedeild að vera með tvo erlenda dómara í prófi dagsettu 16/4-18/4 og einn erlendan dómara í prófi 2/8 vegna fyrirsjáanlegs taps á þessum prófum án tilkomu stuðningsaðila. Þar eru þeir að treysta á ábyrga skipulagningu prófa hinna deildana til að borga niður kostnað sinnar deildar, nema Vorstedeildin ætlist til að H.R.F.Í. borgi mismun með tilheyrandi hækkunum á þátttökugjöldum sem þessar tvær deildir eru að reyna að halda niðri. Finnst okkur því eðlilegra að Vorstehdeildin sjái sjálf um kostun á aukakostnaði..

Fyrir hönd Írsk setterdeildar, Egill Bergmann og Fuglahundadeildar, Ásgeir Heiðar

Samþykkt utan próf sem á að halda 28.-29. ágúst vegna alþjóðlegrar hundasýningar HRFÍ.

16. Vorstehdeild – fjárhagsáætlun vegna veiðiprófa 2010 A-2341/A-2341a
Óska eftir að stjórn vorstehdeildar endurskoði veiðipróf dagsett 16.-18. apríl.

Til stjórnar vorstehdeildar
Kjartan Antonsson
Einar Páll Garðarsson

Á stjórnarfundum Hundaræktarfélagss Íslands þann 20. janúar sl. var tekið fyrir erindi vorstehdeildar er varðar áætlar tekjur og kostnað vegna veiðiprófa deildarinnar fyrir árið 2010. Stjórn HRFÍ óskar eftir að þið endurskoði áætlun fyrir próf dagsett 16.-18. apríl.

Veiðiprófanefnd gerði eftirfarandi athugasemd:

"Okkur finnst óábyrgt af Vorstehdeild að vera með tvo erlenda dómara í prófi dagsettu 16/4-18/4 og einn erlendan dómara í prófi 2/8 vegna fyrirsjáanlegs taps á þessum prófum án tilkomu stuðningsaðila. Þar eru þeir að treysta á ábyrga skipulagningu prófa hinna deildana til að borga niður kostnað sinnar deildar, nema Vorstehdeildin ætlist til að H.R.F.Í. borgi mismun með tilheyrandi hækkunum á þátttökugjöldum sem þessar tvær deildir eru að reyna að halda niðri. Finnst okkur því eðlilegra að Vorstehdeildin sjái sjálf um kostun á aukakostnaði."

Vinsamlegast sendið okkur erindið á rafrænu formi.

17. Önnur mál

Sólheimakot- veikindi hunda eftir hitting í Sólheimakoti – Athuga neysluvatnið í Sólheimakoti. Margrét Kjartansdóttir, Auður Sif Sigurgreirdóttir og Friðrik Lunddal sjá um málið og láta kanna hvort neysluvatnið sé smitað eða neysluvatnsrör skaddað.

18. Næstu fundi verða:

- 3. febrúar kl. 17,**
- 17. febrúar kl.17,**
- 3. mars kl.17,**
- 17. mars kl. 17**

Fundi slitið,

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði.